



Byggingarfélag Laugarvatns ehf.

Lindarskógur 10

840 Laugarvatn

Reykholti 14.02.2008

ÚTHLUTUNARBRÉF

Umsókn nr: 994

Umsókn þín um byggingarlóðina Traustatún 1 var tekin til afgreiðslu í byggðaráði Bláskógabyggðar þann 12.02.2008. Byggðaráð samþykkti að úthluta þér umrædda lóð, með fyrirvara um að þú munir leggja fram staðfestingu frá banka eða lánastofnun um greiðsluhæfi og möguleika á lánaþyrngreiðslu vegna fyrirhugaðrar húsbyggingar. Afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 05/02/2008. Þér tilkynnist hér með afgreiðsla sveitarstjórnar Bláskógabyggðar á umsókn þinni. Bent er á 5. grein úthlutunarregna lóða í Bláskógabyggð:

Til þess að úthlutun öðlist gildi skal umsækjandi greiða staðfestingargjald sem skal vera minnst 20% af áætluðu gatnagerðargjaldi samkvæmt gjaldskrá og samþykkt sveitarstjórnar um greiðslukjör. Greiði lóðarhafi ekki staðfestingargjald bundið lóðarveitingu innan tilskilins tíma fellur lóðin aftur til sveitarfélagsins án sérstakrar tilkynningar, þ.e. eftir einn mánuð frá tilkynningu um lóðarveitingu sbr. ákvæði í reglugerð um gjaldskrá gatnagerðargjalda í Bláskógabyggð.

Byggingarleyfi skal ekki veitt fyrir en gatnagerðargjald hefur verið greitt eða um það samið.

Samkvæmt samþykkt fyrir gatnagerðargjöld í þéttbýli í Bláskógabyggð, 3. gr. er gatnagerðargjald kr. 2 673 309 miðað við núverandi vísitölu byggingarkostnaðar. Samkvæmt ofansögðu þarf að greiða 20% af áætluðu gatnagerðargjaldi (kr. 534662) sem staðfestingargjald til að úthlutun öðlist gildi. Nauðsynlegt er síðan að semja um greiðslu eftirstöðva gjaldsins samhliða svo hægt verði að gefa út byggingarleyfi. Lóðaleigusamningur er gerður eftir ákvæðum 14. gr. úthlutunarreglna lóða í Bláskógabyggð:

14. Lóðarleigusamningur verður ekki gerður fyrir en eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt.

·Að öll gjöld hafi verið greidd til sveitarfélagsins.

·Lokið skal við að steypa sökkla og gólfplötu fyrir viðkomandi íbúðarhúss og bílskúr.

·Eignaskiptayfirlýsing skal liggja fyrir, sbr. 16.gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 með síðari breytingum.

·Lóðarhafa er óheimilt að framselja leigurétt sinn fyrir en lóðarleigusamningur hefur verið gerður og honum þinglýst. Lóðarhafi ber kostnað af þinglýsingu lóðarleigusamningsins.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan eða innheimtufulltrúa Bláskógabyggðar, Guðnýju Höskuldsdóttur, um frágang mála varðandi úthlutun lóðarinnar.

Virðingarfyllst,

sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Eftirtalin gögn fylgja þessu bréfi

1. Byggingar- og skipulagsskilmálar
2. Lóðarblað
3. Gjaldskrá byggingargjalda